

Snýst um að veiða samninga

- Nýsmíðað þjónustuskip Fáfnis Offshore á leið til verkefna fyrir sýslumanninn á Svalbarða
- Einnig leitað eftir verkefnum í olúviðnaði á norðurslóðum ● Skipið er blátt en ber norskt nafn

Helgi Bjarnason
helgi@mbi.is

„Skipið er í Tromsø og við förum væntanlega um miðnættið af stað til Svalbarða,“ segir Steingrímur Erlingsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Fáfnis Offshore. Félagið hefur fengið afhent nýsmíðað þjónustuskip sem í fyrstunni verður í verkefnum á Svalbarða.

Fáfni Offshore hf. hefur samið við norskt fyrirtæki um hönnun og smíði tveggja öflugra skipa sem ætluð eru til að þjóna olúviðnaði í norðurhöfum og um kauprétt á þrjú skipin.

Fáfni Offshore samdi við sýslumanninn á Svalbarða um að

annast gæslu- og björgunarför við Svalbarða, að minnsta kosti sex mánuði á ári, í sex ár. Fyrirtækið samdi við Landhelgisgæsluna um að taka varðskipið Tý á leigu til að fullnægja samningnum í sumar.

Fær að vera Íslandsblár

Týr hefur verið í þessum verkefnum frá því í byrjum maí og segir Steingrímur að samstarfið hafi gengið afar vel. „Þetta sýnir fram-sýni stjórnenda Landhelgisgæslunnar og vilja til að afa stöfuninni tekna. Þá hafa Íslendingar verið í áhöfn og fengið að taka þátt,“ segir Steingrímur. Hann segir að verið sé að kanna hvort

Ný hönnun

» Polarsysel er fyrsta skipið sem smíðað er samkvæmt nýrri hönnun skipa hjá Havyard. Hún gengur út á að nýta orkuna sem best og draga úr áhrifum á umhverfið.

» Helsta nýjungin er að þótt vélarnar séu knúnar með díolíu er hægt að skipta yfir á rafhlöður þegar það hentar til að draga úr olíunotkun. Að því leyti svipar kerfinu til tvinnbíl.

hægt sé að finna fleiri verkefni fyrir Tý en reiknar þó með að honum verði skilað.

Týr var málaður í norsku fánalitunum. Nýja skipið verður hins vegar blátt. „Sýslumaðurinn vildi fá rauðan bát en ég vildi hafa hann Íslandsblán. Við komumst að samkomulagi um að ég fengi að ráða litnum en hann réði nafninu,“ segir Steingrímur. Skipið heitir Polarsysel og verður því formlega gefið nafn við athöfn á Svalbarða næstkomandi laugardag. Norski dæmsmálaráðherrann verður viðstaðdur.

Útgerðarmaðurinn er vefráðingur og verður í áhöfn skipisins í siglingunni til Svalbarða. „Ég fer

sem fyrsti vélstjóri eða aðstoðarmaður í vél. Ef ég þekki sjálfan mig rétt verð ég fljótlega kominn niður í vélarrúmið,“ segir hann. Tveir Íslendingar verða í áhöfn skipisins sem annars er að mestu skipað Norðmönnum.

Polarsysel verður við eftirlit við Svalbarða, Bjarnarey og Hopen út nóvember. Eftir það fer skipið til hefðbundinna verkefna fyrir olúviðnaðinn. Þyrlupallurinn verður skráður af og annar sérhæfður búnaður fjarlægður. Norska fyrirtækið Havyard Design og Solutions sem hannaði skipið og lét smíða fyrir Fáfni telur að það verði vel samkeppnisfært á þeim markaði vegna þess hversu öflugt

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2014, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2014 og önnur gjaldfallin á lögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2014, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskilyrða aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabíla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðaragjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ófgreiddri uppþót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis og álöögðum þing- og sveitarstjórnsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ófgreiddar barnabætur, ófgreiddar vaxtabætur og útlagsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda. Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlags kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfengisgjald, staðgreiðslu, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuáráði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2014

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn í Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmanvík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvalsveili



Nissan Skyline Stýrið var ekki talið vera réttu megin í bílnum.

Neitað um skráningu því stýrið var hægra megin

- Ætlaði að flytja bíl frá Bretlandi

Eiganda notaðrar bifreiðar sem hann hafði keypt á Bretlandi áður en hann fluttist aftur til Íslands var hafnað um forskráningu á bifreiðinni hér á landi. Stýri bílsins var hægra megin í bílnum og taldi Samgöngustofa innflutning hans ekki standast lög. Innanríkisráðuneytið hefur staðfest ákvörðun Samgöngustofu um að hafna skráningunni.

Billinn var af gerðinni Nissan Skyline og hafði eigandinn keypt hann á Bretlandi um mitt ár 2013 en hann var búsettur þar í eitt og hálft ár, að því er kemur fram í úrskurði ráðuneytisins. Upphaflega fékk eigandinn þær upplýsingar að hann gæti flutt bílinn til Íslands þá um haustið án vandræða. Þegar hingað var komið var honum hins vegar sagt að hann gæti ekki skráð bílinn þar sem hann hefði þurft að eiga bílinn í ár áður en hann gæti flutt hann til landsins. Billinn var

ekki skráður á eigandann á Bretlandi.

Samkvæmt lögum eiga stýrishjól í bílum hér á landi að vera vinstra megin. Hægt er að veita undanþágu frá því en það hefur aðeins verið gert þegar bíllinn er hluti búslóðar einstaklings sem flytur til landsins. Umsækjandinn þarf nú að hafa verið skráður eigandi hennar í að minnsta kosti hálft ár. Því var kröfu eigandans um að fá bílinn skráðan hafnað.

Umferðaröryggi er meginástæða þess að bifreiðar með stýri hægra megin eru almennt ekki leyfðar hér á landi, samkvæmt skriflegu svari Samgöngustofu við fyrirspurn Morgunblaðsins. Ekki eru hömlur á því að ferðamenn komi á bílum með stýri hægra megin hingað til lands og veitir tollstjóri tímabundna aksturshemild vegna þeirra.
kjartan@mbi.is

Mótnæla hvalveiðum Íslendinga



Evrópusambandið, 28 ríki þess, Bandaríkin, Ástralía, Brasilía, Ísrael, Mexíkó, Mónakó og Nýja-Sjáland standa að baki yfirlýsingu sem afhent var íslenskum stjórnvöldum í gærmorgun. Í yfirlýsinguinni er hvalveiðum Íslendinga í atvinnuskyni mótmælt.

Sendiherra ESB á Íslandi og fulltrúar Bandaríkjanna, Frakklands, Þýskalands og Bretlands afhentu yfirlýsinguna formlega í gærmorgun. Í henni segir meðal annars að þeir sem standi að yfirlýsinguinni hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum með hvalveiðar Íslendinga, hvort sem það er á hrefnu eða langreyði. Þá eru íslensk stjórnvöld hvött til að snúa til betri vegar og láta af hvalveiðum í atvinnuskyni.

Þá er sala á hvalkjöti til Japans harðlega gagnrynd.